

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	31.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Fimm frávík komu fram í eftirliti er varða urðun á spilliefnum, skil á skráningum ásamt seinum skilum á þeim. Skilum á greinagerð er varðar botn urðunarstaðar miðað við grunnvatnshæð og skil á grænu bókhaldi. Ein ábending var sett fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá eftirliti ársins 2022.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áætlanir og viðbrögð þá sérstaklega vegna elda í urðunarrein
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Áætlun vegna endanlegs frágangs eftir lokun urðunarstaðar (samkv. gr. 1.6 í starfsleyfi).
- Staða samráðsfunda/kynningarfundar
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Farið yfir urðunarstaðinn
- Skoðunarferð urðunarstaðnum

Viðstödd eftirlitið voru Þorleifur Þorbjörnsson og Arnór Gunnarsson fyrir hönd rekstraraðila, Halla Margrét Viðarsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir umfang og stöðu á starfsemi urðunarstaðarins. Rekstraraðili vinnur eftir starfsleyfi sem gefið var út 22/12/2022, en heimild til urðunar gildir einungis út árið 2023. Við eftirlit var rekstraraðili minntur á að tímabært væri að sækja um nýtt starfsleyfi ef ekki er séð fram á að urðun verði hætt í lok ársins 2023. Umhverfisstofnun minnir á að urðun úrgangs er starfsleyfisskyld. Rekstraraðila hefur einnig borist bréf þess efnis frá Umhverfisstofnun, ritað þann 13. febrúar s.l..

Heimild til urðunar árið 2022 var 38.000 tonn og það sama ár var tekið við 20.574 tonnum samkvæmt greinagerð rekstraraðila sem var gefin út fyrir síðasta rekstrarár. Þar að viðbættu 6.321 tonnum af stoðefni. Við eftirlit nú, er þegar búið að urða 21.400 tonn árið 2023.

Sorpa skilaði inn þann 12.maí umhverfisskýrslu rekstrarársins (umhverfisupplýsingum) 2022 sem inniheldur grænt bókhald og útstreymisbókhald Hins vegar hefur ársyfirliti ekki verið skilað þar sem yfirsýn á innra eftirlit rekstraraðila er aðgengilegt að fullu, sbr. starfsleyfi, gr. 5.1. og 5.2. Einnig er vert að benda á að mælingar á samsetningu sigvatns eigi að vera teknar fyrir 1.október hvers árs.

Farið var yfir starfsemi urðunarstaðarins og rætt var um hversu miklum úrgangi urðunarstaðurinn gæti tekið á móti með tilliti til skipulags svæðisins og hámarksnýtingu. Miðað við núverandi urðunarhraða var áætlað að um fjögur ár væru möguleg til viðbótar.

Rekstraraðili hefur verið að vinna að innri úttekt með tilliti til viðbragðsáætlana, m.a. með útgáfu á nýrri handbók og uppfærðum gagnagrunni (*e-landfill*) fyrir yfirlit rekstrar. Almennt eru sex manns að störfum á urðunarstaðnum. Einnig nýtir rekstraraðili þjónustu öryggiseftirlits þriðja aðila. Rætt var um útkall vegna elda á urðunarstaðnum sem brugðist var við skjótt við þann 18. apríl s.l., einmitt vegna

öryggisvöktunarinnar.

Rætt var um fok á svæðinu vegna umfjöllunnar í fjölmiðlum um fok frá urðunarstaðnum, og hvernig rekstraraðili bregst jafnan við foki frá urðunarstaðnum. Almennt sinna íþróttafélög plokki á svæðinu, og hefjast handa á vormánuðum og stendur það fram á haust. Einnig sinna starfsmenn plokki reglulega. Mest fok kemur úr blönduðum úrgangi sem kemur baggaður í Álfsnes, og einnig úr bílum sem flytja úrganginn.

Rætt var um hvernig Sorpa hyggst beina meðhöndluðum endurnýjanlegum úrgangi í réttan farveg til endurnýtingar.

Farið var yfir sögu urðunar á staðnum í tengslum við áhersluverkefni ársins um mengaðan jarðveg. Ný gjaldskrá var einnig kynnt fyrir rekstraraðilum sem og breytingar á fyrirkomulagi boðaðs eftirlits Umhverfisstofnunnar.

Ekki hafa verið haldnir samráðs- eða kynningarfundir síðan 2021. Á áætlun er að halda samráðs/kynningarfund á haustmánuðum 2023.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 5.1. í starfsleyfi	Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fullnægjandi skráningum, sbr. tl. 2-11.
grein 5.4. í starfsleyfi	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.
grein 1.2. í starfsleyfi, a-liður.	Heimilt er að urða allan úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni. Þann 30. desember 2022 var tekið á móti og urðaður úrgangur úr olíuskilju, en slíkt flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í rg. 1040/2016.
grein 3.3. í starfsleyfi	Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinagerð og sýna fram á að botn urðunarstaðarins sé 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á svæðinu. Slík greinagerð hefur ekki borist eftirlitsaðila.
11 grein. rg. nr. 851/2002 um grænt bókhald	Fyrirtæki sem eiga að færa grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald fyrir viðkomandi bókhaldsár. Grænt bókhald barst stofnuninni 12. maí sl. og telst frávikinu lokið.



## ÁBENDINGAR

Töluvert af ábendingum hafa borist frá íbúum í nærliggjandi hverfum vegna ólyktar frá urðunarstað Sorpu á Álfsnesi. Er fjöldi þeirra nú yfir 32 samtals. Í tveimur ábendingum er minnst á að ekki sé byrgt fyrir úrgang við lok dags.

Er því sett ábending til rekstraraðila að samkvæmt starfsleyfi ber rekstraraðila að fylgja eftir verklagsreglum sbr., gr. 3.2. og halda lyktarmengun á nærliggjandi byggð í lágmarki eins og kostur er. Sérstaklega skal taka viðmið af ríkjandi vindátt, þegar tekið er á móti úrgangi og urðun á sér stað.

## ANNAÐ

Rekstraraðili minntist á að framundan væri lagning nýs vegar innan rekstrarsvæðis urðunarstaðar í samræmi við framtíðarskipulag borgarinnar og mun vinna við hann hefjast fljótlega.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

